


Umhverfisstofnun
Áb. <i>TB</i>
01 APR. 2004
<i>53.10</i>
Tilv. <i>UST20040300091</i>

Alþingi - Landbúnaðarnefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Laugavegur 24
15 - 108 Reykjavík, Island

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

30. mars 2004

Tilvísun: UST20040300091/tb


Efni: Tillaga til þingsályktunar um rannsóknir á afdrifum laxa í sjó


Vísað er í bréf frá landbúnaðarnefnd Alþingis, dags. 11. mars 2004, þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar um afdrif laxa í sjó, 284. mál.

Á undaförnum árum hefur orðið mikil aukning á laxeldi í sjókvíum. Vegna þeirrar aukningar hafa komið upp mörg álitamál er varða áhrif eldisins á villta laxastofna svo sem vegna erfðablöndunar, dreifingu sjúkdóma og samkeppni um búsvæði. Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar erlendis sem taka á áhrifum sjókvíaeldis á villta laxastofna en grunnrannsóknir á þessu sviði þ.m.t. afdrif villtra laxastofna í sjó eru mjög takmarkaðar hér á landi.

Umhverfisstofnun kemur bæði að laxeldismálum sem starfsleyfisveitandi og umsagnaraðili. Stofnunin telur því allar rannsóknir mikilvægar sem geta stuðlað að betri vitneskju um vistfræði villtra laxastofna, þ.m.t. afdrifa þeirra í sjó, og um áhrif laxeldis á umhverfi sitt. Með aukinni grunnþekkingu á þessu sviði verður Umhverfisstofnun gert betur kleift að sinna lagalegum skyldum sínum er varða umhverfis- og náttúruvernd í þessum málaflokki.

Virðingarfyllst,


Trausti Baldursson


Árni Bragason